

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 108/2001

frá 28. september 2001

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/49/EB frá 6. desember 1999 um niðurfellingu á ákvörðun 1999/356/EB og setningu sérstakra skilyrða vegna innflutnings á jarðhnetum og tilteknum afurðum unnum úr jarðhnetum sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54zd (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54ze. **32000 D 0049:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/49/EB frá 6. desember 1999 um niðurfellingu á ákvörðun 1999/356/EB og setningu sérstakra skilyrða vegna innflutnings á jarðhnetum og tilteknum afurðum unnum úr jarðhnetum sem eru upprunnar í Egyptalandi eða sendar þaðan (Stjtið. EB L 19, 25.1.2000, bls. 46).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 8 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 19, 25.1.2000, bls. 46.

2. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/49/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.